

Efni: Umsögn Barnaverndarstofu um tillögu til þingsályktunar um rétt barna til að vita uppruna sinn 88. mál.

Barnaverndarstofa vísar til erindis nefndasviðs Alþingis, dags. 11. október 2019, þar sem stofunni var gefið tækifæri á að gefa velferðarnefnd Alþingis umsögn um tillögu til þingsályktunar um rétt barna til að vita uppruna sinn. Þakkar Barnaverndarstofa fyrir að fá tækifæri til þess að tjá sig um tillöguna.

Barnaverndarstofa fagnar því ef hefja á undirbúning að lagabreytingum sem tryggja að börn sem getin eru með tæknifrjónvagn og gjafaegggi og/eða gjafasæði eigi rétt á upplýsingum um uppruna sinn. Stofan tekur einnig undir þau sjónarmið sem fram koma í tillögunni að ekki sé æskilegt að ýta til hliðar þeim brýnu hagsmunum barns að fá að vita um uppruna sinn til þess eins að bæta úr barnleysi og lina þær þjáningar sem því kunna að fylgja. Með því skapist hætta á að farið sé að „nota barnið sem tæki til að þjóna markmiðum foreldra en horft framhjá því að það er einstaklingur með sjálfstæð réttindi og hagsmuni“. Þá kemur fram í tillögunni að Norðurlöndin séu mörg hver búin að vera í sambærilegri vinnu við að rýmka heimildir barna hvað þetta varðar.

Í ljósi þess að Ísland hefur lögfest barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna er mikilvægt að öll önnur lög sem varða börn taki mið af ákvæðum sáttmálans, þar á meðal 7. grein sáttmálans þar sem kveðið er á um rétt barns til að fá upplýsingar um foreldra sína. Barnaverndarstofa fagnar því ef löggjafarvaldið á Íslandi fylgist með réttarþróun og túlkun ákvæða sáttmálans í þeim löndum sem Ísland vill helst bera sig saman við og uppfæri löggjöf til samræmi við þá þróun.

Barnaverndarstofa veitir velferðarnefnd Alþingis fúslega allar nánari upplýsingar og skýringar sem þörf er á verði óskað eftir því og er reiðubúin að mæta á fund nefndarinnar verði þess óskað.

Virðingarfyllst f.h. Barnaverndarstofu

Guðrún Þorleifsdóttir, lögfræðingur